

## 02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

*Ársskýrsla 2025*

*01.05.2026*

*Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari*



## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	3
2.	Almenn starfsemi .....	3
a.	Nemendur .....	3
b.	Stoðþjónusta .....	5
c.	Nefndir og ráð .....	5
d.	Framhaldsdeild á Patreksfirði .....	5
3.	Brotthvarf .....	5
4.	Nám .....	6
a.	Námsframboð .....	6
5.	Kennsla og stjórnun .....	6
a.	Skjalastjórnun .....	7
b.	Græn skref .....	7
c.	Sjálfsmat .....	7
6.	Kennsluhættir og námsmat .....	7
a.	Staðreyndir um nám og kennslu .....	8
7.	Mannauðsmál .....	8
a.	Líðan starfsmanna .....	8
8.	Fjárhagsleg afkoma: Ársreikningur 2025 .....	9
9.	Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2023-2025 .....	9
10.	Samvinna við aðra .....	10
11.	Erlent samstarf .....	10
12.	Lokaorð .....	11



## 1. Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust- og vorönn. Við stofnun skólans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Flest námsrými eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð upplýsingatækni sem er fléttað inn í flesta þætti skólastarfsins. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækinn skóli og höfum undanfarið unnið að því að innleiða gervigreind í námi og kennslu ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarnám. Við höfum lagt áherslu á að vera samkeppnishæf við aðra skóla í fjarnámi þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla er minni en verið hefur en samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum aflað er þessi fækkun aðeins tímabundin. Þessi fækkun nemenda á upptökusvæði skólans hefur þau áhrif að nemendum í staðnámi hefur fækkað. Á skólaárinu var lögð áhersla á að vinna markvisst að innleiðingu gervigreindar í nám, kennslu og stjórnun við FSN.

## 2. Almenn starfsemi

### a. Nemendur

Innritaðir nemendur voru 192 á vorönn og 233 á haustönn. Á vorönn voru 14 nemendur útskrifaðir frá skólanum og á haustönn voru 5 nemendur útskrifaðir.

Fjöldi	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Dagskóli/grunnskóli	79	82
Fjarnám/ utanskóla	113	151
Samtals	192	233



Skipting nemenda á námsbrautir	Vor 2025	Haust 2025
Braut	Fjöldi nemenda	Fjöldi nemenda
Félags- og hugvísindabraut	37	33
Framhaldsskóla- braut 1	0	0
Framhaldsskóla- braut 2	4	18
Íþróttabraut	10	14
Náttúru- og raunvísindabraut	17	21
Náttúru- og raunvísindabraut – búnaðarlína	1	0
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	13	6
Opin braut	104	132
Starfsbraut	2	3
Viðbótarnám	5	6
Samtals	192	233

**Fjöldi nemenda eftir kyni:**

Fjöldi	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Karlar	99	112
Konur	92	120
X-kynsegin	1	1

**Fjöldi brautskráðra eftir brautum:**

Fjöldi	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Félags- og hugvísindabraut	1	1
Íþróttabraut	0	1
Náttúru- og raunvísindabraut	2	0
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	5	0
Opin braut	4	1
Starfsbraut	0	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	2	2
Útskrifaðir	14	5



### Námstími brautskráðra 2024:

	Vorönn 2025	Haustönn 2025
Tvö og hálf ár	1	2
Þrjú ár	5	1
Þrjú og hálf ár	0	1
Fjögur ár	3	0
Fjögur og hálf ár	1	0
Fimm ár eða lengur	1	1

### b. Stoðþjónusta

[Hjúkrunarfræðingur](#) með framhaldsmenntun í geðhjúkrun hefur komið á hálfsmánaðar fresti í skólann og hafa nemendur getað leitað til hans með ýmsar spurningar varðandi heilsu og líðan. Þessi þjónusta hefur verið veitt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Nú hefur þessi hjúkrunarfræðingur látið af störfum við HVE og enn hefur ekki tekist að ráða nýjan hjúkrunarfræðing í starfið. Skólinn er í góðu samstarfi við heilsugæslustöðina í Grundarfirði. Óskastaðan væri samt sem áður að nemendur hefðu aðgang að hjúkrunarfræðingi og sálfræðingi í skólanum.

### c. Nefndir og ráð

Ýmsar nefndir og ráð starfa við skólann og funda reglulega. Skólanefnd starfar við skólann skv. 5.gr.laga númer 92/2008. Á heimasíðu skólans er [dagskrá](#) skólanefndar og [fundargerðir](#). Foreldraráð var endurvakið í árslok 2024 en það hafði ekki verið virkt í þó nokkurn tíma. Formaður foreldraráðs situr fundi skólanefndar. Skólaráð sem er skipað fulltrúum kennara, fulltrúa nemenda, aðstoðarskólameistara og skólameistara. Skólaráð fundar einu sinni í mánuði um málefni skólans og er skólameistara til aðstoðar. Hér má lesa [fundaáætlun skólaráðs](#). Einnig starfa við skólann EKKO ráð, starfshópur um heilsueflandi framhaldsskóla og gæðaráð.

### d. Framhaldsdeild á Patreksfirði

FSN hefur rekið framhaldsdeild á Patreksfirði frá 2007. Samningur vegna deildarinnar var endurnýjaður í janúar 2024. Nemendum sem stunda nám við deildina hefur fækkað mikið og haustið 2025 tókst ekki að ráða deildarstjóra þar sem engar umsóknir bárust. Það er því mikil óvissa framtíð deildarinnar.

## 3. Brotthvarf

Í FSN er fylgst með brotthvarfi nýnema. Ávallt er unnið að aðgerðum til að minnka brotthvarf frá skólanum. Umsjónarkennurum nýnema er ætlaður meiri tími í umsjón heldur en kennurum eldri nemenda og starfshlutfall námsráðgjafa hefur verið aukið til að meiri tími gefist til að sinna nýnemum. Námsráðgjafi tekur einkaviðtöl við alla nýnema í upphafi skólaárs. Ákveðinn fjöldi nýnema flyst yfir í annan skóla að loknu fyrsta ári til að hefja nám á iðnbrautum.



Auðkenni skóla	Nýnemabrottfall 2025	Tilfærsla 2025	Nýnemabrottfall 2024
FSN	3.6%	14.3%	11.5%
Allir skólar	4.5%	10.6%	4.7%

Á þessari töflu má sjá að nýnemabrottfall í FSN er lægra en á síðustu árum, tilfærslan er enn há og munum við halda áfram að leita leiða til að nemendur geti stundað nám lengur í heimabyggð.

## 4. Nám

### a. Námsframboð

Við skólann eru sex brautir til stúdentsprófs:

- Félags- og hugvísindabraut,
- náttúru- og raunvísindabraut,
- náttúru- og raunvísindabraut – búfræðilína,
- íþróttabraut,
- nýsköpunar- og frumkvöðlabraut.
- opin braut til stúdentsprófs.

Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabraut 2.

FSN starfar eftir lögum um framhaldsskóla frá 2008 og Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011.

## 5. Kennsla og stjórnun

Haustið 2025 störfuðu 24 starfsmenn við FSN, og stöðugildi 2025 voru 20,8

- Skólameistari í 100% starfi
- Aðstoðarskólameistari í 75% starfi til 1.ágúst
- Fjármála- og skrifstofustjóri í 100% starfi
- Námsráðgjafi í 90% starfi
- Deildarstjóri á Patreksfirði í 90% starfi á vorönn
- Deildarstjóri starfsbrautar í 100 % starfi
- Umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- Skrifstofufulltrúi í 49% starfi
- Kerfisstjóri í 25% starfi
- Mannauðsstjóri í 25% starfi
- Kennarar skólans voru 16 í 13 stöðugildum.
- Ræstitæknir í 50% stöðu.



### a. Skjalastjórnun

Málalykill Fjölbrautaskóla Snæfellinga var samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands 10. september 2018 og síðan endurnýjaður 1. október 2023. FSN notar skjalavörslukerfið GoPro og fékk samþykki fyrir rafrænni skráningu gagna frá og með 1. janúar 2020.

### b. Græn skref

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur lokið fjórum af fimm skrefum í verkefni á vegum Umhverfisstofnunar. Fyrsta skrefið var tekið í mars 2021 og annað skrefið fengum við í maí 2021, þriðja skrefið fengum við í janúar 2022 og fjórða skrefið ágúst 2022. Hleðslustöð fyrir rafbíla var sett upp við skólann árið 2020 til að hvetja nemendur og starfsfólk til að vera á bílum sem ganga fyrir raforku. Búið er að setja upp fjórar varmadælu, en skólinn er staðsettur á svokölluðu „köldu svæði“ og kynding með rafmagni er því mjög dýr sem gerir rekstur á húsnæði skólans mun erfiðari en ella.


### c. Sjálfsmat

Við skólann starfar sjálfsmatshópur, eða Gæðaráð sem vinnur samkvæmt lögum um framhaldsskóla Gæðaráð hefur unnið að hefðbundnu innra mati og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans [Skýrslur um sjálfsmat FSN](#) og þar má einnig sjá [sjálfsmatsáætlun](#) skólans. Húsfundir skólaárið 2025 voru haldnir samkvæmt venju en á fundunum fá nemendur að segja skoðun sína á skólastarfinu, hvað sé vel gert og hvað megi betur fara. Nemendafélagið stjórnar stundum fundunum og ræðir þau mál sem nemendum finnst mikilvæg. Ytra mat á starfsemi FSN fór fram á vor- og haustönn 2020. [Hér má sjá skýrslu um ytra mat á haustönn 2020](#). Í framhaldi af niðurstöðum ytra mats 2020 var gerð umbótaáætlun sem unnið er eftir. Umbótaáætlunina má lesa [hér](#).

## 6. Kennsluhættir og námsmat

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Einnig er forritið TEAMS nýtt við kennslu ásamt fjölda af smærri forritum eins og kennarar telja þörf á hverju sinni en kennarar eru metnaðarfullir í sínu starfi og gæta þess að fylgjast með í þróun í upplýsingatækni í námi og kennslu. Árið 2025 hófst undirbúningur við að innleiða notkun við forritið Inspira sem er stafrænt prófatökukerfi sem mörg skólastig, nota til að leggja fyrir próf. Í stuttu máli færir það hefðbundin pappírpróf yfir í tölvuumhverfi sem er öruggt og auðvelt í notkun.

Frá stofnun skólans, árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum með því að nýta sér upplýsingatækni í skólastarfi. Allt skipulag skólans tekur mið af því. Meginmarkmið breyttra kennsluhátta er að gera nám nemenda skilvirkara og að þeir nái betri tókum á námi sínu. Við kennslu eru notaðar aðferðir sem rannsóknir sýna að virki betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það sameiginlegt að megináhersla er lögð á uppgötvunarnám og lausnarleit nemandans og gera hann virkari og ábyrgari í eigin námi. Upplýsingatæknin er nýtt á fjölbreyttan hátt og fléttast inn í flesta þætti skólastarfsins. Frá upphafi skólans hafa nemendur nettengdar fartölvur sem þeir eiga sjálfir og býður það upp á mikla möguleika í kennslu og námi. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og að þeir tjái sig munnlega og skriflega um innihald námsins. Hugmyndafræði



leiðsagnarmats er höfð til grundvallar öllu námsmati. Hún byggir á því að vinna og verkefni nemenda séu metin reglulega með uppbyggjandi hætti.

Árið 2025 fékk FSN styrk úr Sprotasjóði til að innleiða gervigreind í námi, kennslu og stjórnun. Umsóknina má lesa [hér](#). Nú vinnur allt starfsfólk skólans við að innleiða [gervigreind](#) þannig að hún nýtist til góðs við kennslu og nám.

### a. Staðreyndir um nám og kennslu

- Nemendur geta lokið stúdentsprófi á þremur til þremur og hálfu ári.
- Rúmlega helmingur nemenda eru fjarnemendur.
- Við nýtum leiðsagnarmat sem námsmat þannig að nemendur fá reglulega endurgjöf fyrir verkefni auk þess sem gefnar eru [umsagnir tvisvar á önn](#) auk einkunnar í lok annar,
- Kennsluforriti MOODLE og samskiptaforritið TEAMS eru notuð í námi og kennslu auk annarra minni forrita.
- Skólinn hefur nýtt vendikennslu frá upphafi og er sú kennsluaðferð í sífelldri þróun.
- Uppbygging á Mini- FAB LAB fyrir skólann hefur staðið yfir undanfarin ár og nú hafa nemendur og starfsfólk aðgang að þrívíddarprenturum, sýndarveruleikagleraugum og hlaðvarpsstofu þar sem nemendur og kennarar geta tekið upp myndbönd og hlaðvörp.
- Búið er að skipa tvo af kennurunum til að stýra innleiðingu gervigreindar og nýtingu hennar í námi og kennslu.
- Unnið er með gervigreind í flestum námshópum og árið 2025 fékk skólinn styrk frá [Sprotasjóði](#) til að vinna að innleiðingu gervigreindar í námi, kennslu og stjórnun. Hér má lesa umsóknina. [Umsókn í Sprotasjóð](#).

## 7. Mannauðsmál

Það er stefna FSN að efla skólann sem góðan vinnustað. Skólinn hefur mótað [starfsmannastefnu](#) og reynt er eins og kostur er að stuðla að aukinni starfsánægju og efla fólk í starfi.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur hlotið [jafnlaunavottun](#) sem gildir til 26.3.2027 en þar sem starfsmannafjöldi er kominn niður í 24 þurfum við ekki lengur að vinna samkvæmt jafnlaunakerfi til að öðlasti jafnlaunastaðfestingu. FSN hefur bæði [jafnréttisáætlun](#) og [jafnréttisstefnu](#).

### a. Líðan starfsmanna

Síðastliðin ár hefur verið fylgst með líðan starfsmanna á kerfisbundinn hátt á tvenna vegu; annars vegar með þátttöku í könnun Gaallup á Stofnun ársins og hins vegar með könnunum sem sendar eru annan hvern mánuð á starfsfólk í gegnum þjónustu HR-Monitor. [Skýrsla um líðan starfsmanna](#) er á vef skólans. Samningi við HR Monitor hefur verið sagt upp og unnið er með kannanir sem Gæðaráð leggur fyrir starfsfólk ásamt niðurstöðum frá Maskínu og Stofnun ársins.

Hér má sjá niðurstöður úr könnuninni [Stofnun ársins 2025](#). Sú könnun kom mjög vel út fyrir FSN en samkvæmt henni er Fjölbrautaskóli Snæfellinga eftirsóknarverður vinnustaður með einstaklega góðan starfsanda og sterka jafnréttisvitund. FSN kemur mjög vel út í samanburði við aðrar stofnanir.



Heildareinkunn skólans er 4,50, sem er hærra en meðaltal annarra framhalds- og háskóla (4,23) og ríkisstofnana almennt (4,13).

Sífelld er unnið við að yfirfara stefnur og skrifa nýjar og mun þessi vinna halda áfram. Enn fremur munum við fylgja eftir stefnumiðum skólans í einstökum málaflökkum varðandi innleiðingu og eftirfylgd. Stefnur FSN má lesa [hér](#).

Settar hafa verið [áætlanir](#) til næstu þriggja ára, sbr. 31.gr. laga um opinber fjármál.

## 8. Fjárhagsleg afkoma: Ársreikningur 2025

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma, þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Alltaf er stefnt að aðhaldi í rekstri og aðgát höfð í fjármálum. Afkoma ársins 2025 er jákvæð um 30 m. kr. Aðalmunurinn milli ára 2024 og 2025 liggur í hærri fjárveitingum á árinu 2025. Á árinu 2025 komu inn 15 m. kr. sem eiga að notast á árinu 2026. Í FSN var ekki ráðið í stöðu aðstoðarskólameistara eftir fráfall hans og ekki var ráðið í stöðu deildarstjóra Framhaldsdeildar haustið 2025.

## 9. Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2023-2025

Markmið í stefnu FSN	Staða árangursmælikvarða	Framvinda og ávinningur af áhersluverkefni
<b>Markmið A1</b> Að auka gæði fjölbreytts náms í FSN og fullnægjandi þjónustu við nemendur.	Námsleiðir hafa verið lagaðar, boðið er upp á nám á búfræðilínu.	Það er ekki komið á samstarf um starfsnám.
<b>Markmið A2</b> Fylgst verður með hlutfallslegri aukningu á útskriftum af brautum. Staðan verður tekin eftir fjögur ár frá innritun.	Hlutfall nemenda sem innritast á aðra önn hækki.	80% innrituðustá annað ár. Sama staða en ekki hækkun.
<b>Markmið A3</b> Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleikum við skólann.	Upplýsingar um fjarnám auglýstar á samfélagsmiðlum.	Virkni skólans í kynningum á FB, Instagram og heimasíðu skólans hefur aukis .
<b>Markmið B1.</b> Að efla mannauð skólans og sjá hið jákvæða í öllum	Staða skólans í Stofnun ársins, viðhorfskönnunum og könnun Monitors.	Viðhorfskannanir, stofnun ársins og niðurstöður mælinga í Monitor hafa batnað.



nemendum og öllu starfsfólki		
Kennarar þróa nýjar nálganir í skapandi starfi og fjarkennslu.	20 nemendur skráðir á nýsköpunarbraut.	30 nemendur skráðir á nýsköpunarbraut.

## 10. Samvinna við aðra

Samstarf við aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni, eða Samlandsskóla eins og skólarnir kalla sinn félagsskap, hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmentaskólunum og nemendur annarra fjarmentaskóla geta stundað fjarnám við FSN. Skólameistarar þessara skóla funda aðra hvora viku á TEAMS og bera saman bækur sínar og þarna er virkt lærdómssamfélag því við lærum af hvrt öðru.


Áframhald hefur orðið á [samvinnu við grunnskólana á upptökusvæði skólans](#). Skólameistari fundar reglulega með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar er skipulagt. FSN hefur unnið [verkferla](#) með grunnskólum á Snæfellsnesi vegna útskriftar nemenda úr grunnskóla og inngöngu í framhaldsskóla. Undanfarin ár höfum við boðið upp á svokallaðan Framhaldsskólahermi þar sem nemendum 10.bekkja er boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Þessi dagur hefur komið í staðinn fyrir opið hús og hefur gefist vel og vakið lukku hjá nemendum 10.bekkja á upptökusvæði skólans, þ.e. á norðanverðu Snæfellsnesi og frá sunnanverðum Vestfjörðum, hafa átt kost á því að sækja nám í inngangsföngum í FSN hafi þeir lokið námsefni á 1.þrepi.

Á Vesturlandi eru þrjú framhaldsskólar, þ.e. Menntaskóli Borgarfjarðar (MB), Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA) og Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN) en þessir skólar hafa allir samstarf sem felst bæði í óformlegum samtölum á milli starfsfólks skólanna og formlegum fundum. Þá hafa nemendur skólanna haldið sameiginlega skólahátíð sem ber hið hátíðlega nafn West Side. Haustið 2025 voru haldnar þrjár starfamestarar, ein í hverjum framhaldsskóla en starfamestar er viðburður þar sem fyrirtæki, stofnanir og menntastofnanir kynna störf, starfsgreinar og menntunartækifæri fyrir nemendum grunn- og framhaldsskóla og öðrum áhugasömum. Starfsþróunarteymi skólanna þriggja funda og vinna saman og stefnan er að kennarar skólanna þriggja hittist á starfsþróunardegi í vor. Þetta höfum við gert áður og hugmyndin er að við gerum þetta að reglulegum viðburði í starfi skólanna. Samstarfssamningur á milli skólanna er í vinnslu en við viljum gjarnan formgera samstarfið enn frekar.

Skólinn er með viljayfirlýsingu um samstarf á milli skólans og Svæðisgarð Snæfellsness annars vegar og hins vegar við Þjóðgarð Snæfellsness. Við sjáum fram á að það samstarf muni aukast þar sem Snæfellsnes er nú UNESCO vistvangur og því miklir möguleikar fyrir FSN að vinna að verkefnum því tengdu þar sem FSN er UNESCO skóli.

## 11. Erlent samstarf

Alþjóðleg samskipti auka víðsýni, efla skilning á mikilvægi tungumálakunnáttu og veita innsýn í líf og nám fólks í útlöndum. FSN tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum, bæði Erasmus+ og Nordplus



verkefnum. Reglulega fara nemendur og kennarar til útlanda til að taka þátt í verkefnum, sækja námskeið eða taka þátt í nemendaskiptaverkefnum og starfsþjálfun tengdri námi þeirra og störfum í FSN. Skólinn sækir um náms- og þjálfunarstyrki fyrir nemendur sína og starfsfólk.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með [samstarf við AFS](#) á Íslandi en það samstarf gefur nemendum skólans kost á að sækja um að fara í skiptináms á fullum styrk frá Erasmus+. Einn nemandi skólans fór í skiptináms vorið 2025 til . Þá gefur þetta kennurum möguleika á að fara út í starfsþjálfun (*Job shadowing*) til annarra landa, fara í þjálfun til að eflast enn frekar í sínu fagi og þetta er líka tækifæri til að senda hópa í styttri ferðir.

FSN er ERASMUS+ skóli

Í febrúar síðastliðnum fóru tveir kennarar á námskeið á Fuerteventura. Námskeiðið byggði á vistfélagslegri nálgun þar sem lögð var áhersla á að efla tengsl nemenda við umhverfið og rækta með þeim tilfinningu fyrir mikilvægi þess að vernda jörðina.

Kennslan fer fram á eyjunni **Fuerteventura**, sem er á verndarsvæði UNESCO (Biosphere Reserve).

FSN varð UNESCO skóli haustið 2023. Markmið UNESCO-skóla er að auka og hvetja til menntunar um mál er tengjast markmiði UNESCO; að stuðla að friði og öryggi með því að efla samvinnu þjóða í mennta-, vísinda- og menningarmálum og efla þannig almenna tiltrú og virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum, án tillits til trúarbragða, kynþáttar, kynferðis eða tungumála. UNESCO-skólar framkvæma eigin verkefni sem tengjast markmiðum UNESCO og eru oft í samvinnu við UNESCO-skóla í öðrum löndum.

## 12. Lokaorð

Þegar þessi lokaorð eru skrifuð hafði ég nýlokið við hefðbundin starfsmannasamtöl við allt starfsfólk FSN. Niðurstöður úr þessum samtölum eru heilt yfir mjög jákvæðar. Starfsfólkið er ánægt í vinnunni og þykir starfsandinn mjög góður og það er ómetanlegt fyrir skólastofnunina. Fjölbrautaskóli Snæfellinga sýnir mörg merki þess að vera sterkt lærdómssamfélag en hugtakið lærdómssamfélag lýsir hópi fólks sem deilir sameiginlegum gildum og markmiðum og vinnur markvisst saman að því að læra hvert af öðru til að bæta árangur og starfshætti. Þannig hefur samvinna og samstarf verið frá stofnun skólans þegar kennarar tókust á við nýja kennsluhætti, í nýju kennsluhúsnæði sem var hannað á nýstárlegan hátt þannig að það myndi henta nýjum kennsluháttum. Kennsluhættir hér miðast við verkefnamiðað nám þar sem nemendur hafa meira að segja um sína vinnu og stefnt er að því að efla frumkvæði og ábyrgð nemendanna. Þannig viljum við hafa sýn skólans áfram.